

Fimmtudaginn 14. desember 1995.

Nr. 265/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Björgvin Laugdal Árnasyni

(Agnar Gústafsson hrl.)

Skjalafals. Fjársvik. Víxlar. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1995 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar samkvæmt a-, b- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, svo sem ákvæðinu var breytt með 7. gr. laga nr. 37/1994. Er einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds.

Í ákæru er sakargiftum á hendur ákærða svo lýst, að hann hafi ár-in 1990 til 1993 notað í viðskiptum sjö tilgreinda víxla, samtals að fjárhæð 1.700.000 krónur, samþykkt til greiðslu af Sigurbirni Eiríkssyni fyrir myntbreytingu 1. janúar 1981, eftir að hann hafði fært á þá dagsetningar útgáfudags og gjalddaga, sem hafi allar verið eftir myntbreytinguna. Er þetta í ákæru talið varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fyrir Hæstarétti hefur ríkissaksóknari krafist þess til vara, að brot ákærða verði að hluta eða öllu leyti talið varða við 248. gr. sömu laga, og var málið reifað með til-liti til þess við munnlegan málflutning.

Ákærði hefur staðfastlega neitað framangreindum sakargiftum. Hann kveðst hafa eignast umrædda víxla í viðskiptum við Sigurbjörn Eiríksson árið 1981 eða 1982, og sé víst, að það hafi gerst eftir myntbreytingu. Nánar hefur ákærði þó ekki skýrt þau viðskipti. Þá eru skýringar hans fábrotnar á ástæðum þess, að hann hafi í rúman áratug haldið að sér höndum um innheimtu á víxlunum, sem voru fyrir verulega hárrí fjárhæð eftir myntbreytinguna 1981 og báru enga vexti. Samkvæmt fram lagðri lögregluskýrslu lýsti ákærði því yfir

við skýrslugjöf 25. febrúar 1994, að hann gæfi Sigurbirni eftir skuld samkvæmt sex víxlanna. Er framburður ákærða í þessu ljósi mjög ótrúverðugur.

Af hálfu ákæruvalds er því, sem fyrr segir, haldið fram, að umræddir víxlar hafi verið samþykktir til greiðslu af Sigurbirni Eiríkssyni fyrir myntbreytingu þá, sem var gerð með lögum nr. 35/1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils. Þetta er þó ekki stutt við önnur gögn en vætti Magnúsar Leopoldssonar, sem starfaði hjá Sigurbirni til ársins 1978 eða 1979. Í skýrslu, sem Magnús gaf við aðalmeðferð málsins fyrir héraðsdómi, kvaðst hann kannast við að hafa vélritað víxlana, á meðan hann gegndi störfum hjá Sigurbirni, en hann taldi sig geta merkt það af vélritunarstílnum, sem hann nefndi svo. Samkvæmt kröfu ákærða kom Magnús að nýju fyrir héraðsdóm til skýrslugjafar eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms. Var þá bókað eftir honum í þingbók: „Vitnið kveðst telja, að það hafi vélritað víxla þá, sem mál þetta snýst um, en kveðst þó sérstaklega aðspurt ekki geta fullyrt það.“

Ekki er unnt að fallast á, að með þessu hafi verið færð fram lögfull sönnun fyrir því frumatriði, sem málatilbúnaður af hálfu ákæruvaldsins er reistur á. Verður því með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 að sýkna ákærða og fella allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björgvin Laugdal Árnason, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 150.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júní 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 29. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 480/1995: Ákæruvaldið gegn Björgvin Laugdal Árnasyni, sem tekið var til dóms 7. júní sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. maí sl., gegn ákærða, Björgvin Laugdal Árnasyni, fæddum 12. júní 1937, fæðingarnúmer 436, „fyrir skjalafals með því að hafa á árunum 1990–1993 notað í viðskiptum í Reykjavík eftirtalda sjö falsaða víxla, samtals að fjárhæð 1.700.000 kr., en á víxlana, sem samþykktir voru til greiðslu af Sigurbirni Eiríkssyni fyrir myntbreytingu 1980 og tengdust óupplýstum viðskiptum ákærða (sic) við Ragnar Jónsson, hafði ákærði sett dagsetningar, gjalddaga og greiðsludaga, svo sem nánar greinir:

1. víxill nr. 272079, að fjárhæð 250.000 kr.,
2. víxill nr. 272080, að fjárhæð 250.000 kr.,
3. víxill nr. 272081, að fjárhæð 250.000 kr.,
4. víxill nr. 272082, að fjárhæð 250.000 kr.,
5. víxill nr. 011228, að fjárhæð 250.000 kr.

Á þessa fimm víxla setti ákærði útgáfudaginn 10. júní 1987 og gjalddagana 20. ágúst, 20. júlí, 20. júní, 20. maí og 20. september 1992 og seldi þá árið 1992 í hendur Ólafi Thoroddsen hrl., sem reyndi innheimtu á víxlunum, og eru þeir gefnir út af Hafnarströnd hf.

6. Víxill nr. 55186, að fjárhæð 250.000 kr.

Á þennan víxil setti ákærði útgáfudaginn 11. febrúar 1991 og gjalddagann 11. apríl 1991 og lét af hendi árið 1991 sem greiðslu við Eirík Óskarsson, Grettisgötu 62, sem gaf víxilinn út í júní 1991 og fékk lögfræðiskrifstofu til innheimtu.

7. Víxill að fjárhæð 200.000 kr.

Á þennan víxil setti ákærði útgáfudaginn 15. nóvember 1992 og gjalddagann 15. mars 1993 og lét víxilinn í innheimtu árið 1993 til Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., og er mál út af víxlinum rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Við meðferð málsins leiðrétti sækjandi ákæru og sagði víxlana tengjast viðskiptum Sigurbjörns Eiríkssonar við Ragnar Jónsson, en ekki viðskiptum ákærða við umræddan Ragnar, eins og ákæra hljóðar. Þá kvað sækjandi Ólaf Thoroddsen hafa notað víxla þá, sem ákæruliðir 1–5 fjalla um, í viðskiptum, en ekki hafa reynt innheimtu þeirra.

Málavextir.

Með bréfum, dagsettum 24. nóvember 1992 og 17. nóvember 1993, kærði Helgi V. Jónsson hrl. fyrir hönd Sigurbjörns Eiríkssonar, kt. 051225-3259, til RLR notkun á víxlum þeim, er mál þetta snýst um, en víxlarnir voru þá komnir til innheimtu. Höfðu fimm víxlanna verið út gefnir 10. júní 1987

með gjalddögum árið 1992, eins og rakið er í ákærulið 1–5. Víxill samkvæmt ákærulið 6 hafði verið út gefinn 11. febrúar 1991 með gjalddaga 11. apríl 1991, og víxill samkvæmt ákærulið 7 var með útgáfudag 15. nóvember 1992 og gjalddaga 15. mars 1993. Kvað hann víxlana þannig til komna, að Sigurbjörn hefði samþykkt löngu fyrir myntbreytingu víxla í gömlum krónum vegna viðskipta við Ragnar Jónsson, veitingamann í Þórscafé, tengdaföður ákærða. Hefðu víxlarnir verið tryggingarvíxlar, óútgefnir og án útgáfudags. Kvað kærandi viðskiptin, sem lágu að baki víxlunum, fyrir löngu upp gerð, en Sigurbjörn hefði um nokkurra ára skeið verið rúmliggjandi sjúklingur og ekki átt í viðskiptum á þeim tíma.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði átt mikil viðskipti við Sigurbjörn Eiríksson, og kvaðst hann hafa tekið við umræddum víxlum sennilega árið 1982, en örugglega eftir myntbreytingu árið 1981. Ákærði taldi öruggt, að víxlarnir væru í nýkrónum, og kvaðst hann hafa lánað Sigurbirni peninga og fengið víxlana sem tryggingu. Ákærði kvað viðskipti Sigurbjörns við Ragnar vera sér óviðkomandi og ekki koma við umræddum víxlum. Ákærði kannaðist við að hafa sett útgáfudag og gjalddaga á víxla þá, sem um er getið í 6. og 7. lið ákæru, en kannaðist ekki við að hafa dagsett víxlana nr. 1–5.

Ákærði kvaðst margoft hafa reynt að hafa samband við Sigurbjörn, en sér verið sagt, að hann væri veikur og ekki hægt að tala við hann. Ákærði tók fram, að hann hefði sjálfur verið veikur í nokkur ár. Ákærða minnti, að fjármálalegum samskiptum þeirra Sigurbjörns hefði lokið árið 1982 til 1983. Ákærði kvað svo hafa samist um með þeim, að Sigurbjörn greiddi víxlana eftir hendinni, en engin greiðsla hefði borist frá honum. Ákærði kvað Ólaf Thoroddsen lögmann hafa fengið víxlana til að reyna innheimtu á þeim hjá Sigurbirni, og kvað ákærði, að honum hefði ekki verið heimilt að ráðstafa þeim án samráðs við ákærða. Ákærði kvaðst hafa átt að fá 500.000 krónur í sinn hlut, tækist honum innheimtan, og jafnframt yrði þá gerð upp skuld ákærða við Ólaf.

Vitnið Sigurbjörn Eiríksson, kt. 051225-3259, til heimilis að Kjarrvegi 3, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það myndi ekki eftir að hafa átt víxilviðskipti við ákærða. Vitnið kvað mögulegt, að það hefði átt víxilviðskipti við Ragnar Jónsson, en gat ekki upplýst, hvenær það var. Vitnið minnti, að Magnús Leopoldsson hefði vélritað víxla fyrir sig, en kvaðst ekki muna, hvenær það var.

Vitnið Magnús Leopoldsson, kt. 230846-2439, Birkihlíð 12, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það kannaðist við að hafa vélritað víxla þá, er mál þetta snýst um, á þeim tíma, sem það vann hjá Sigurbirni Eiríkssyni, en

vitnið kvaðst hafa hætt störfum þar árið 1979. Vitnið kvað víxlana hafa verið óútgefna og ódagsetta, er vitnið vélritaði þá. Vitnið kvað fjárhæðir víxlanna vera í gömlum krónum. Vitnið kvaðst ekkert geta fullyrt um viðskipti þau, sem lágu á bak við umrædda víxla. Vitnið kvaðst vissu um, að ákærði og Sigurbjörn áttu fjármálaleg samskipti saman, en kvaðst þó ekki geta borið nánar um það.

Vitnið kvaðst ekki muna tilefni þess, að umræddir víxlar voru útbúnir. Vitnið mundi eftir því, að ákærði hafði samband við vitnið vegna pappíra, sem fundust í fórum Ragnars heitins. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort það tengdist víxlum þeim, er mál þetta snýst um.

Vitnið kvaðst kannast við vélritunarstílinn á víxlunum og kvaðst hafa vélritað marga víxla fyrir Sigurbjörn. Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið telja, að það hefði vélritað víxla þá, er mál þetta snýst um.

Vitnið Lilja Jónsdóttir, kt. 191228-3839, til heimilis að Árlandi 8, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði fyrst séð umrædda víxla á skrifstofu Helga V. Jónssonar lögmanns. Vitnið kvaðst hafa hafið störf árið 1978 á skrifstofu fyrirtækis Sigurbjörns Eiríkssonar, eftir að Magnús Leopoldsson hætti þar störfum. Vitnið kvaðst hafa verið gjaldkeri og séð um fjármál fyrirtækisins. Vitnið kvað sér ekki hafa verið kunnugt um viðskipti ákærða og Sigurbjörns, og þá kvaðst vitnið ekki hafa vitað um víxilviðskipti á milli þeirra. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað til þess, að ákærði hefði reynt að innheimta víxlana hjá Sigurbirni. Þá kvað vitnið sér ekki hafa verið kunnugt um umrædda víxla, fyrr en stefnt var til greiðslu þeirra. Vitnið staðfesti, að farið hefðu fram ávísanaskipti við ákærða vegna áfengisкупа, en í þeim tilvikum hefði ávísun aðeins verið geymd fram á næsta virkan dag. Vitnið kvað Sigurbjörn hafa verið lítið á skrifstofu sinni, eftir að hann fékk fyrsta áfallið árið 1979. Vitnið staðfesti, að það hefði annast öll fjármál Sigurbjörns, bæði rekstur veitingahússins Klúbbsins og búrekstur að Stóra-Hofi í Rangárvallasýslu.

Vitnið Ólafur Thoroddsen, kt. 141045-4319, Tryggvagötu 6, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði fengið víxla þá, sem raktir eru í ákæruliðum 1–5, frá ákærða sem greiðslu skuldar sinnar við vitnið. Vitnið kvað búið hafa verið að setja dagsetningar á víxlana, þegar það fékk þá í hendur.

Vitnið kvaðst hafa unnið mikið fyrir ákærða. Vitnið kvaðst ekki vita um viðskipti ákærða og Sigurbjörns Eiríkssonar, en þó vita til þess, að ákærði aðstoðaði Sigurbjörn til að halda rekstri Klúbbsins gangandi. Vitnið kvaðst ekki geta borið um það, hvenær ákærði fékk umrædda víxla í hendur, en benti á dagsetningar á víxlunum og kvaðst hafa staðið í þeirri trú, að fjárhæðir á þeim væru í nýkrónum.

Vitnið kvað sér hafa verið heimilt að ráðstafa umræddum víxlum að vild og kvaðst hafa notað þá til greiðslu skuldar við Hafnarströnd hf. Vitnið kvað ákærða ekki hafa gert athugasemdir við þessa ráðstöfun vitnisins á víxlunum.

Vitnið kvaðst ekkert skriflegt hafa um það, að það hefði orðið eigandi umræddra víxla, enda var um greiðslu til vitnisins að ræða.

Vitnið Jóhannes Jökull Jóhannesson, kt. 030862-7249, Skipholti 29, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið stjórnarmaður í fyrirtækinu Hafnarströnd hf. Vitninu voru sýndir víxlar, sem um er fjallað í ákæru í töluliðum 1–5. Vitnið kvaðst kannast við víxlana og kvað Ólaf Thoroddsen lögmann hafi keypt af fyrirtækinu lager í maí eða júní 1992 og greitt fyrir með umræddum víxlum. Vitnið kvað víxlunum síðan hafa verið ráðstafað í öðrum viðskiptum. Vitnið kvað engin skilyrði hafa verið sett fyrir notkun víxlanna, enda hefði einungis verið um greiðslu að ræða.

Vitnið Eiríkur Óskarsson, kt. 190445-4109, Grettisgötu 62, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það kannaðist við að hafa fengið víxil í hendur frá ákærða, og staðfesti, að um væri að ræða víxil þann, að fjárhæð 250.000 kr., sem ákæruliður 6 fjallar um. Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvenær þetta var, en taldi vel geta staðist, að það hefði verið árið 1991. Vitnið kvaðst um þetta leyti hafa átt í fjárhagserfiðleikum, og ákærði hefði boðið sér aðstoð sína með þessum hætti. Vitnið kvaðst síðan hafa reynt að nota víxilin til greiðslu skuldar. Vitnið kvað ákærða ekki hafa talað um, hvar hann hefði fengið víxilin, að öðru leyti en því, að hann ræddi um, að um væri að ræða skuld frá Sigurbirni Eiríkssyni. Vitnið kvað ákærða ekki hafa nefnt það, hvenær hann fékk víxilin í hendur. Vitnið kvað sér hafa verið heimilt að ráðstafa víxlinum að vild sinni.

Niðurstaða.

Með framburði ákærða er sannað, að hann hefur sett útgáfudag og gjalddaga á víxla þá, er 6. og 7. ákæruliður fjalla um, en ekki hefur verið leitt í ljós, hver dagsetti víxlana, sem ákæruliðir 1–5 lúta að. Þá hefur ákærði kannast við að hafa notað víxlana í viðskiptum, en eins og mál þetta er vaxið, verður honum ekki refsað fyrir það, nema leitt sé í ljós, að víxlarnir séu í gömlum krónum og honum verið það ljóst.

Ákærði hefur borið, að hann hafi fengið víxlana frá Sigurbirni Eiríkssyni vegna viðskipta þeirra, sennilega árið 1982, en örugglega eftir myntbreytingu árið 1981. Ákærði hefur ekki lýst nánar eða lagt fram gögn um viðskipti þeirra Sigurbjörns, en kvaðst hafa lánað honum peninga og fengið víxlana sem tryggingu. Í ákæru, eins og hún var leiðrétt við meðferð máls-

ins, er byggt á því, að víxlarnir hafi tengst óupplýstum viðskiptum Sigurbjörns við Ragnar Jónsson, en samkvæmt gögnum málsins er umræddur Ragnar látinn, og hefur því ekki tekist að upplýsa þann þátt máls þessa frekar.

Vitnið Sigurbjörn hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það muni ekki eftir víxilviðskiptum við ákærða, en kveður mögulegt, að það hafi átt víxilviðskipti við Ragnar Jónsson, en gat ekki upplýst, hvenær það var.

Vitnið Magnús Leopoldsson skýrði svo frá fyrir dómi, að það kannaðist við að hafa vélritað umrædda víxla, og kvað vitnið víxlana vera í gömlum krónum, enda kvaðst vitnið hafa hætt störfum hjá Sigurbirni Eiríkssyni árið 1979. Vitnið kvað ákærða og Sigurbjörn hafa átt fjármálaleg samskipti, en gat ekki borið nánar um það.

Vitnið Lilja Jónsdóttir kvaðst hafa verið gjaldkeri hjá fyrirtæki Sigurbjörns Eiríkssonar og séð um fjármál þess svo og öll fjármál Sigurbjörns, bæði rekstur veitingahússins Klúbbsins og búrekstur hans að Stóra-Hofi. Vitnið kvað sér ekki hafa verið kunnugt um viðskipti ákærða og Sigurbjörns, og þá vissi vitnið ekki um víxilviðskipti þeirra. Vitnið vissi þó um ávísanaskipti þeirra á milli vegna áfengiskaupa, en í þeim tilvikum var ávísun geymd fram á næsta virkan dag.

Vitnið Ólafur Thoroddsen vissi ekki um viðskipti ákærða og Sigurbjörns Eiríkssonar, en kvaðst þó vita til þess, að ákærði aðstoðaði Sigurbjörn við að halda rekstri Klúbbsins gangandi.

Þegar virtur er framburður vitnisins Magnúsar Leopoldssonar, verður að telja nægilega í ljós leitt, að fjárhæðir umræddra víxla voru tilgreindar í gömlum krónum. Jafngildir samanlögð fjárhæð þeirra 17.000 nýkrónum, en í lögskiptum ákærða með víxlana hefur verið gert ráð fyrir því, að samanlögð fjárhæð þeirra sé 1.700.000 nýkrónur. Ákærði hefur talið, að rekja megi víxlana til viðskipta sinna og Sigurbjörns Eiríkssonar eftir myntbreytinguna árið 1981, sennilega árið 1982, og hafi fjármálalegum samskiptum þeirra lokið árið 1983. Fullyrða má, að 1.700.000 nýkrónur hafi verið verulegir fjármunir á þeim tíma, er ákærði segist hafa átt viðskipti við Sigurbjörn. Sigurbjörn rekur hins vegar ekki minni til að hafa átt víxilviðskipti við ákærða, og vitnið Lilja, sem sá um fjármál Sigurbjörns, kannast ekki við víxlaviðskipti milli þeirra. Framburður ákærða um viðskipti sín og Sigurbjörns er um margt ótrúverðugur, sérstaklega í ljósi þess, að um verulega fjármuni var að ræða og að hann hefur engin önnur gögn en umrædda víxla getað lagt fram til stuðnings fullyrðingum sínum. Þegar allt framanritað er virt, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi notað umrædda víxla í lögskiptum, eins og honum er gefið að sök, þrátt fyrir það að honum

hafi verið ljóst, að fjárhæð þeirra var tilgreind í gömlum krónum. Varðar háttsemi ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann fimm sinnum á árunum 1955 til 1990 sæst á sektargreiðslur, aðallega vegna umferðarlagabrota.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en fullnustu hennar þykir mega fresta, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Agnars Gústafssonar hrl., 75.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björgvin Laugdal Árnason, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal frestað, og skal hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Agnars Gústafssonar hrl., 75.000 krónur.
